Brjef landshöfðingja *til bæjarfógetans á Akureyri* um leyfi til lántöku til bryggjugjörðar. — Samkvæmt beiðni yðar, herra bæjarfógeti, í þóknanlegu brjefi, dags. 4. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til að Akureyrarkaupstaður taki nýtt lán, að upphæð 4000 kr., fyrir reikning hafnarsjóðs, til að endurbæta og stækka steinbryggju þá, sem þegar hefur verið byrjað að leggja fram á pollinn á Akureyri. 177 2. des.

Brjef landshöfðingja *til bæjarfógetans í Reykjavík* um leyfi til lántöku til vegagjörðar. — Samkvæmt beiðni yðar, herra bæjarfógeti í þóknanlegu brjefi, dags. 6. þ. m. veiti jeg hjermeð samkvæmt 19. gr. í tilsk. 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík samþykki mitt til, að bæjarstjórn Reykjavíkur taki fyrir hönd kaupstaðarins lán að upphæð 2000 krónur, er afborgist á 28 árum, til að standast kostnað við vegagjörð frá Selsholti vestur í Kaplaskjól, sem unnið hefur verið að í haust, og þjer tjáið nú langt komna. 178 11. des.

Fylgiskjal A. við 173

Skipshafnarskrá

yfir menn þá, sem eru á skipi með undirrituðum skipstjóra á sem á heima í og sem eptir mælingarbrjefi dags. er reiknað að rúmmáli

Skipshöfnin skuldbindur sig til:

1, að koma til skips með fatnað sinn og sjálfir . . .

2, að vera áðurnefndum skipstjóra eða hverjum öðrum skipstjóra, sem kynni að verða skipaður í hans stað, eða hverjum öðrum, sem skipstjórnin kynni að verða á hendur falin, gegnir og hlýðnir mótmælalaust í öllu því, sem fyrir skipað er í þjónustu skipsins eða þarfir útgjörðarmannanna, bæði á sjó og landi.

3, að vera á skipinu, þangað til lögskráning úr skiprúmi fer fram, þá er skipið er komið á höfn hjer á landi, og það er affermt þar, eða, ef þess er krafizt, þá er ferðinni frá þessum affermingarstað þangað sem skipið á heima er lokið og skipið fest með akkerum; má þá segja upp vistinni af beggja hálfu, og ber þá að greiða það sem eptir stendur af kaupinu áður dagar sje liðnir — allt samt að áskildum rjetti skipverja til að ganga úr skiprúmi þegar svo stendur á, sem segir í skipsagabálki farmannalaga 22. marz 1890, 53. og 54. gr.

4, að heimta ekki á leiðinni frekari fyrirframgreiðslu upp í kaup, en innt var af hendi áður en skipið lagði af stað, nema það sje heimilað í skipsagabálki farmannalaga.

5, að hafa ekki varning til sölu.

Komi upp ágreiningur milli skipstjóra og skipshafnarinnar, meðan skipið er utanríkis, eru bæði skipstjóri og skipverjar, hvort sem þeir eru innlendir eða útlendir, skyldir til að leita hins danska verzlunar-ræðismanns, ef nokkur slíkur er þar skipaður, og að hlíta úrskurði hans, þó að áskildum rjetti til að láta íslenzkan dómstól síðar rannsaka og dæma málið. Að öðru leyti fer um viðskipti skipstjóra og skipshafnar, svo sem skipsagabálkur farmannalaga mælir fyrir. Með því að rita nöfn sín á þessa skipshafnarskrá, kannast skipverjar jafnframt við, að hver þeirra um sig hafi fengið fyrir fram upp í kaup sitt það sem tilgreint er við nafn hans.

16. dag desembermán. 1890.

Reykjavík, Prentsmiðja Ísafoldar 1890.